

1. 1904108 – Líkamsrækt bæjarstarfsmanna

Á fundi bæjarráðs þann 12. mars 2020 samþykkti bæjarráð tillögu að breytingu á reglum um líkamsræktarstyrki til starfsmanna í samræmi við minnisblað frá mannauðsstjóra sem lagt var fyrir bæjarráð þann 7. nóvember 2019. Í minnisblaðinu var farið yfir þau hlunnindi/réttindi sem starfsfólki stendur til boða sem ekki eru tiltekin í kjarasamningum.

Fulltrúi Samfylkingarinnar óskar eftir upplýsingum um hvort samþykktar breytingar um líkamsræktarstyrki til starfsfólks bæjarins hafi tekið gildi, þ.e. að þeir sem eru í 50% starfshlutfalli eða meira fái fullan styrk og þeir sem eru í 49% starfshlutfalli eða minna fái hálfan styrk.

Svar:

- Núgildandi reglur um líkamsræktarstyrki eru þessar:
Starfsmenn í 50-100% starfshlutfalli fá fullan styrk að fjárhæð kr. 18.000 á ári. Starfsmenn í lægra starfshlutfalli en 50%, fá helming þeirrar fjárhæðar, eða kr. 9.000 á ári. Styrkur til tímavinnufólks er 5.000 á ári enda hafi ekki komið framlag frá öðrum aðila vegna kostnaðarins.
- Frá og með 1. október 2021 hefur greiðslum verið hagað í samræmi við samþykktina.
- Ástæða þess að breyting í samræmi við samþykkt tók ekki gildi fyrir er sú að starfsfólk launadeildar virðist ekki hafa verið upplýst eða meðvitað um breytingarnar.
- Engar athugasemdir bárust vegna þessa og því uppgötvaðist ekki fyrir í haust að breytingin hafði ekki gengið í gegn. Uppfærsla var þá framkvæmd þegar í stað í samræmi við samþykktina.

2. 1905046 – Samgöngustyrkur, tillaga

Á fundi bæjarráðs þann 29. ágúst 2019 kynnti mannauðsstjóri tillögu að útfærslu tilraunaverkefnis vegna fyrirkomulags samgöngustyrkja. Skv. minnisblaði dags. 20. febrúar 2020 kemur fram að í tilraunaverkefninu hafi greiðsla verið 6.000 kr. á mánuði fyrir starfsfólk í 50-100% starfshlutfalli og 3.000 kr. á mánuði fyrir starfsfólk í starfshlutfalli undir 50%

Óskað er eftir upplýsingum um stöðu verkefnisins í dag.

Leiddi tilraunaverkefnið til þess að samgöngustyrkir væru teknir upp?

Ef já, hver er upphæð samgöngustyrkja í dag?

Ef nei, hvers vegna ekki?

Svar:

- Ekki er greitt samkvæmt þessu tilraunaverkefni í dag.
- Greitt var frá 1. janúar 2020 til ágúst 2020.
- Samkvæmt fyrrv. mannauðsstjóra var ekki haldið áfram með verkefnið þar sem lítil áhugi var meðal stjórnenda á verkefninu þegar það var kynnt, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að koma því á framfæri á Workplace og á fundum. Kynning til starfsfólks tókst því ekki sem skyldi. Þátttakan var lítil og lauk því verkefninu í ágúst 2020.